

Starfslýsing skólaliða í Regnbogalandi



Næsti yfirmaður: Stjórnendur

Hæfniskröfur:

- Aldurstakmark 20 ára
- Áhugi á að vinna með börnum
- Menntun sem nýtist í starfi
- Krafist er íslenskukunnáttu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvulæsi

Ábyrgðarsvið: Megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda. Mikilvægt er að hafa yfirsýn yfir hvar allir nemendur eru hverju sinni. Starfsmenn geta skipt nemendahópnum á milli sín. Þetta er mikilvægt til að koma í veg fyrir að nemendur týnist eða séu einhvers staðar eftirlitslausir.

Helstu verkefni:

- Byrjar starfsdaginn í mötuneyti, borðar með nemendum og sinnir annarri þjónustu við nemendur í hádegi.
- Sinnir nemendum í leik á inni- og útisvæðum. Hvetur nemendur til leikja. Hefur áhrif á hvaða leikir og leikmunir eru í boði hverju sinni og sýnir frumkvæði í starfi á því sviði.
- Reynir að sjá fyrir árekstra milli nemenda og hjálpar þeim að leysa úr málunum.
- Ber ábyrgð á að skráning fari fram á þar til gert eyðublað þegar nemendur fara eða ef þeir eru fjarverandi þann dag.
- Sér um að koma nemendum í tómsundur á vegum Snæfells og í tónlistartíma á vegum Tónlistarskóla Stykkishólms, eða annað tómsundastarf.
- Svarar í síma og tölvupósti Regnbogalands. Skólaliðar eiga ekki að vera með síma í einkaerindum.
- Aðstoðar nemendur við að ganga frá fatnaði og passar upp á snyrtilega umgengni.
- Kemur að undirbúningi síðdegishressingar og einnig hádegisverðar ef þess gerist þörf.
- Veitir fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum.
- Við lokun:
 - Fáir Regnbogaland lánuð rými sér sá sem lokar að því sé skilað eins og komið var að því, þ.e. gengur frá munum, lokar gluggum og slekkur ljós.
 - Skúrað gólf í fataklefa í lok dags, sturtar niður í klósettum og tekur upp pappír inni á klósettum.
 - Fer út með rusl sem til hefur fallið í Regnbogalandi.

Allir starfsmenn Grunnskólans í Stykkishólmi eru bundnir trúnaði um hvert það mál sem þeir kunna að verða áskynja í starfi, þagnareidurinn gildir eftir starfslok. Þeim ber að taka þátt í uppeldisstarfi skólans þar sem megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda. Þeir skulu vera viðbúinir til að veita fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum. Þeir skulu starfa í anda Uppeldis til ábyrgðar, eftir jafnréttisstefnu skólans, tilkynna grun um einelti eða barnaverndarmál eftir þar til gerðum leiðum og fylgja öryggisstefnu skólans varðandi persónuverndarlögin.